

máa 1997

Kvenmannslaus í kulda og trekki

Það næðir um Kvennalistann bessa dagana. Kuldi og trekkur. Leifarnar af þeim konum sem ennþá standa í þeiri meiningu að þær séu afl í pólitíkinni, hittust í kuldánnum og trekknum við Úlfþjótsvatn um helgina. Örlagaríkar ákvarðanir lágu fyrir fundinum og þá helstar þær að skilgreina Kvennalistann til haegri eða vinstri með það fyrir augum að ganga til samstarfs við A-flokkana.

Auðvitað var ekki vanþörf á að skilgreina kvennapólítíkina. Og kominn tímí til. Kvennalistinn og kvennaframboð hafa viðgengist vel á annan áratug og nú síðast hefur verið að fjara undan þessum samtökum og allt útlit fyrir að framboð á þeirra vegum renni sitt skeið á enda í næstu kosningum. Einfaldlega vegna þess að kjósendur eru hættir að greiða þeim atkvæði. Þess vegna liggur mikið við að skilgreina sjálfan sig áður en útförin í sjálf fer fram.

Menn verða að vita hver er að deyja. Og þá ekki síst þær konur sem hafa staðið að þessu framboði án þess að vita hvar þær standa. Nú svo er líka hitt, að það er von í nýtt líf og áframhaldandi setu á al-



bingi ef Kvennalistinn skilgreinir sig til vinstri og nær pannig framhaldslíff i hópi þeirra sem telja sig félagshyggjufolk.

Um þetta rifust þær í skálanum við Úlfþjótsvatn og sýndist sitt hverjum. Þessi fundur minnti óneitanlega mikið á síðustu vikurnar hjá Hitler gamla og sáluga í neðanjarðarbyrginu við Berchtes-

gaden, hvort gefast ætti upp eða berjast til síðasta manns. Sumar vilja berjast, aðrar ekki. Kvennapólítíkin er nefnilega bannig að þær koma sér sjaldan saman, konurnar, sem berjast fyrir kvenfrelsinu og þarf svo enginn að vera hissa á því þótt karlar eigi erfitt með að láta kvennapólítíkina fyrir sig gagna þegar hver höndin er

upp á móti annarri og þær eru best geymdar út af fyrir sig.

Kvenfrelsið er einmitt því marki brennt að konur telja sig hafa rétt til að berja hver á annarri. Enda hefur að mestu verið friður í gömlu flokkunum eftir að konurnar ákváðu að kljúfa sig út og berjast einar. Nú berjast þær ekki að eins einar heldur allar. Það er að

segja allar við allar. Meirihlutinn ákvað að ganga til samstarfs við félagshyggjuflokkana.

Mikið hlóta Sjálfstæðisflokkurinn og Frámsóknarflokkurinn að vera feginir að þeir skuli ekki fá þessa kvenvarga yfir sig. Þær eru sem sagt búnar að ákveða að kvenfrelsið sé til vinstri, hafi verið þær og eigi að vera þær. Af moldu eru kominn og að moldu skaltu aftur verða. Í raun og veru er þetta lögisk og praktísk ákvörðun um að grafa kvenfrelsið til vinstri.

Útförin fer fram á vegum þeirra flokka sem neyddu konur á sínum tíma til að stofna sjálfstætt framboð af því að bessir sömu vinstri flokkar sinntu ekki jafnréttinu og kvenfrelsinu sem skyldi. Það fer raunar vel á því, enda verður að túlka þessa atburðarás svo að vinstri flokkarnir beri ábyrgð á afkvæminu og þeim sé því rétt mátulegt að kosta útförina. Eftirmælin verða hins vegar þau að Kvennalistinn hafi drepið sjálfan sig og það að yfirlögðu ráði og nú er bara að vona að kvenfrelsið lifi þetta sjálfsvíg af en verði ekki grafið með síðustu líkamsleifum Kvennalistans.